

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júní 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu á breytingum á aðalskipulagi Akraness og deiliskipulagi í Arnardal.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið, hinn 28. maí 1993, staðfest upprætti um breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Akraness 3. maí 1982 og áður staðfestu deiliskipulagi í Arnardal.

Aðalskipulagsbreytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni 18 við Stillholt breytist úr svæði fyrir iðnað í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Deiliskipulagsbreytingin er fólgin í því að heimilit verður að byggja 3ja hæða tengibyggingu á milli húsanna nr. 16 og 18 við Stillholt.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykktir af bæjarstjórn Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

*Umhverfissráðuneytið, 28. maí 1993.*

**Eiður Guðnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

**REGLUGERÐ****um afnám banns við línuveiðum á Flákanum.**

## 1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 359, 6. október 1992, um bann við línuveiðum á Flákanum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júní 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*